



2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2008-2009,
haldinn í fundaraðstöðu Garðarsbraut 5 á Húsavík, 29. maí 2008, kl.14:00.

Mættir: Sigurgeir Höskuldsson, Aðalsteinn Á. Baldursson, Guðmundur Guðmundsson, Pétur Snæbjörnsson, Haraldur Bóasson og Birna Björnsdóttir.

Enn fremur sátu fundinn starfsmenn félagsins, Reinhard Reynisson, Tryggvi Finnsson og Ari Páll Pálsson.

Varaformaður Sigurgeir Höskuldsson setti fund og stjórnaði honum.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir síðustu tveggja funda voru samþykktar og undirritaðar.

2. Rekstur Vaxtarsamnings Norðausturlands (VNA)

- **Rekstraráætlun**

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstraráætlun VNA. Um er að ræða 50 milljónir til ráðstöfunar í peningum miðað við að 10 milljónir fáiast hjá sveitarfélögunum og 10 milljónir hjá fyrirtækjum, en samningum um það er ólokið. Á grundvelli áætlunarinnar hefur hluta fjárins verið ráðstafað í verkefni sem þegar eru í gangi á vegum AP. Nokkrar umræður urðu um söfnun grunnupplýsinga sem gert er ráð fyrir í VNA. Guðmundur upplýsti að það hafi verið rætt innan Bygðastofnunar að hún komi að þeirri vinnu fyrir alla vaxtarsamningana.

- **Staða fjármögnunar**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna. Gengið verður eftir svörum frá þeim sveitarfélögum sem ekki hafa svarað. Nokkrar umræður urðu um útfærslu á framlagi sveitarfélaga til samningsins. Af 10 milljónum frá sveitarfélögum miðast 40% við höfðatölu og er fast, en 60% eru verkefnatengd, og því ekki ljóst hvernig þær 6 milljónir munu skiptast á milli einstakra sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá samningum við sveitarfélögin og fyrirtæki/félagasamtök á svæðinu um fjármögnun á grundvelli rekstraráætlunar.

- **Viðmið v/ umsókna og afgreiðslu styrkja**

Rætt var um mikilvægi þess að vanda vel til afgreiðslu umsókna og fylgja þeim reglum sem settar hafa verið um úthlutun. Framkvæmdastjóri fór yfir viðmið um afgreiðslu umsókna sem áður höfðu verið send stjórnarmönnum ásamt umsóknunum og voru þau samþykkt.

- **Umsóknir – yfirferð/afgreiðsla**

Farið var yfir fyrirbyggjandi umsóknir um styrki úr VNA en alls hafa borist 22 umsóknir. Við yfirferð þeirra kemur í ljós að margar þeirra uppfylla ekki skilmála um svæðisbundið samstarf á grundvelli vaxtarsamningsins. Þá falla nokkrar þeirra að þróunarverkefnum sem þegar eru í gangi á svæðinu. Í ljósi þessa var samþykkt að fela framkvæmdastjóra að ræða við umsækjendur um mögulegan framgang verkefnanna. Jafnframt var ákveðið að fresta endanlegri afgreiðslu styrkja þar til niðurstöður úr þeirri vinnu liggja fyrir og gengið hefur verið frá samningum við sveitarfélögin og fyrirtæki um fjármögnun VNA.

3. Önnur mál

- **Næsti fundur.**

Stefnt að því að boða til næsta fundar undir lok júní.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:20